

Morgunblaðið

mbl.is/gagnasafn

Fimmtudaginn 24. júní, 2010 - Aðsent efni

Óræktin á Mógilsá

Eftir Borgþór Magnússon



Borgþór Magnússon



[Smelltu til að sjá stærri mynd]

Eftir Borgþór Magnússon: "Að mati undirritaðs eru forsvarsmenn Skógræktar ríkisins komnir í blindgötu í stefnu sinni og málflutningi um innflutning plantna og notkun þeirra í landgræðslu og skógrækt."

Í liðinni viku ók ég nokkrum ípróttastelpum upp að Mógilsá í Kollafirði. Á meðan þær skokkuðu í áheitahlaupi upp og niður Esjuhlíðar rölti ég um með hundinn og litaðist um. Á Mógilsá hefur Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins, sem kunnugt er, rekið starfsemi sína um áratuga skeið og má sjá þess glögg merki. Þar hefur vaxið upp mikill og fjölbreyttur skógur. Skriður og tún eru þakin breiðum af alaskalúpínu og skógarkerfli. Skörtuðu þær sínu fegursta í kvöldsólinni. Að Mógilsá er greinilega unnið ötullega að „endurreisn líffræðilegrar framleiðslu“ á Íslandi með vísindin að leiðarljósi. Við seppi héldum austur yfir lækjargilið eftir stíg sem leiddi okkur um gömul tún og engi í átt til skógar. Þar mættum við eldri hjónum sem létu sér nægja lágghlíðarnar eins og við félagarnir. „Óskapaórækt er hlaupin hér í gömlu túnin,“ sagði sá gamli þegar við mættumst. „Hér er allt að verða ófært af kerfli.“ Ég tók undir það með honum. „Ja, ekki hefðu hann afi gamli í Dýrafirði eða hann Dóri minn í Króktúni verið ánægðir með að sjá túnin sín fara svona, en hér er nú ekki búið við sauðfé lengur og nýir tímar teknir við.“ Síðan skildi leiðir, ég gekk áfram, nokkuð hugsi yfir þessu samtali okkar. Seppi lét sér hins vegar vel líka skógarkerfilinn. Af nefi hans og lappalyftingum mátti ráða að hundar höfðu verið hér á ferð á undan honum. Ekki gátum við þó gert þarna langan stans. Fyrr en varði grillti í léttstígar stelpurnar koma hlaupandi með hlástrasköllum niður að bílastæðinu undir Esjuhlíðum. Við seppi héldum til baka og glöddumst með þeim yfir góðum degi.

Enn eina ferðina hafa á þessu vori risið upp snarpar deildur um lúpínu. Skógarkerfill hefur þar einnig komið við sögu. Rót þessara deilna má rekja til þess að Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra hefur boðað að hafnar skuli aðgerðir til að stemma stigu við útbreiðslu alaskalúpínu og skógarkerfils í landinu. Til grundvallar er lögð skýrsla Náttúrufræðistofnunar Íslands og Landgræðslu ríkisins sem unnin var fyrir umhverfisráðherra og kynnt í apríl sl. Alaskalúpína og skógarkerfill eru skilgreind sem framandi, ágengar plöntutegundir sem ógnað geta líffræðilegri fjölbreytni og vistkerfum á landi sem þær breiðast yfir. Meðal tillagna er að hætt verði að dreifa lúpínu óheft um landið. Þess í stað verði dreifing hennar og notkun bundin við

stór, samfelld ógróin svæði þar sem sjálfgræðsla er lítil og uppgræðsla eða skógrækt með öðrum aðferðum erfiðleikum bundin. Landgræðslu ríkisins, sem er aðalframleiðandi og dreifandi á lúpínufræi hér á landi, verði falið að marka þessi svæði. Þau er einkum að finna á gosbeltinu í Árnassýslu, Rangárvallasýslu, Skaftafellssýslu, Norður-Múlasýslu og í Þingeyjarsýslum.

Hörðust gagnrýni á þessar tillögur hefur komið úr herbúðum Skógræktar ríkisins og Skógræktarfélags Íslands. Forsvarsmenn þeirra skiluðu til umhverfisráðherra skriflegum athugasemdum um ofangreinda skýrslu Náttúrufræðistofnunar og Landgræðslunnar. Einnig hafa sumir þeirra farið mikinn í Fréttablaðinu og í bloggheimum. Ekki skal þvertekið fyrir að þeir hafi eitthvað til síns máls. Sá er þessar línur ritar er vistfræðingur og hefur unnið að rannsóknum á alaskalúpínu um árabil. Hann er jafnframt einn af þeim er lögðu á ráðin og unnu að gerð skýrslunnar sem fór svo mjög fyrir brjósti á yfirmönnum skógræktarmála. Viðbrög þeirra eru ekki ný af nálinni. Þau voru mjög fyrirsjáanleg.

Undanfarna áratugi hafa forsvarsmenn skógræktarstofnana gagnrýnt mjög og verið allt að því illskeyttir í garð þeirra sem uppi hafa haft raddir um að fara skuli varlega við innflutning, ræktun og dreifingu erlendra plöntutegunda hér á landi. Sífellt er hafinn upp sami söngurinn í herbúðum þeirra: íslenska flóran er fábreytt og lítilfjörleg, gróðurlendi hér á landi er í tötrum og ekki á vetur setjandi, verstur af öllu er lyngmórinn sem er hástígr niðurlægingarinnar, bjargráðið er óheftur innflutningur og stórfelld ræktun nýrra tegunda í landgræðslu og skógrækt, ágengar tegundir finnast hvorki hér á landi né erlendis, rannsóknir er fást við framandi lífverur eru hjávísindi, frásagnir og niðurstöður er sýna fram á skaða af þeirra völdum eru að mestu ýkjur, flestir misskilja Ríó-samninginn um líffræðilega fjölbreytni (8. grein h) nema forsvarsmenn skógræktar á Íslandi, varið ykkur á vistfræðingum og þeirra skrifum, vistfræðina má rekja til Ernst Häckel sem hafði einnig áhrif á mótun hugmyndafræði nasismans, vistfræðingar og þeir sem setja vilja skorður við notkun innfluttra tegunda eru haldnir þjóðernishyggju, þeir eru einhliða í málflutningi sínum og gefa sér fyrirfram að „allt útlent sé af hinu illa“.

Það vekur furðu að málflutningur af þessu tagi skuli stöðugt hljóma frá forsvarsmönnum skógræktar hér á landi. Mönnum sem fara fyrir opinberum stofnunum og félagasamtökum sem að mestu eru rekin af almannafé. Er þetta hin opinbera stefna í landgræðslu og skógrækt sem rekin er og studd af umhverfisráðuneytinu og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu? Að mínu viti á hún meira skylt við málflutning sértrúarsöfnuða en almenna stefnu og reglur í umhverfismálum sem ríkja og eru virtar á Vesturlöndum.

Aðalsteinn Sigurgeirsson, forstöðumaður Rannsóknastöðvar Skógræktar á Mógilsá, skrifaði mikla grein í Skógræktarritið árið 2005 um framandi og ágengar tegundir í íslenskum skógum og velti upp þeirri spurningu hvort um raunverulega, aðsteðjandi eða ímyndaða ógn væri að ræða. Þeir sem lesa greinina velkjast ekki í vafa um að hvaða niðurstöðu Aðalsteinn kemst. Inntak greinarinnar og ályktanir eru mjög í ætt við sönginn sem vísað var til hér að ofan. Samstarfsmenn og lærisveinar Aðalsteins hafa margir farið um greinina mjög lofsamlegum orðum og hvatt aðra sem illa eru að sér í þessum fræðum til að kynna sér efni hennar. Þeirra á meðal má nefna Sigvalda Ásgeirsson, framkvæmdastjóra Vesturlandsskóga og skógarbónda í Borgarfirði, sem greinilega hefur hrifist af röksemdafærslu Aðalsteins. Sigvaldi leggur til að greinin verði skyldulesning í náttúrufræðum við Háskóla Íslands og Landbúnaðarháskóla Íslands. Lestur greinarinnar verki eins og ónæmisáðgerð gagnvart hégiljum og gervívísindum er lifa góðu lífi í báðum skólum, að sögn Sigvalda.

Undirritaður er einn þeirra sem fóru að ráðum Sigvalda og las því aftur grein Aðalsteins. Þeim sem fást við rannsóknir er hollt að kynna sér málin ofan í kjölinn. Þannig bægja þeir frá sér hégiljum og ástunda síður gervívísindi. Eitt af því sem ég rak augun í við lestur greinar Aðalsteins eru miklar og tíðar tilvitnanir í bók Davids I. Theodoropoulos: „*Invasion Biology: Critique of a Pseudoscience*“ sem út kom árið 2003 hjá Avvar Books-útgáfunni í Bandaríkjunum. Hugmyndafræði og röksemdir Theodoropoulos falla einstaklega vel að boðskap Aðalsteins og annarra forsvarsmanna Skógræktarinnar sem hljómar þessi misserin. Ég vil hvetja skógræktarmenn, vistfræðinga og aðra er láta sig þessi mál varða til að kynna sér fræði Theodoropoulos. Einnig hvaða viðtökur og gagnrýni bók hans fékk á sínum tíma í fræðaheiminum.

Að mati undirritaðs eru forsvarsmenn Skógræktar ríkisins komnir í blindgötu í stefnu sinni og málflutningi um innflutning plantna og notkun þeirra í landgræðslu og skógrækt. Engu er líkara en

órækt sé hlaupin í hugsun og gerðir. Það eru ráðþrota menn sem bera þjóðernishyggju upp á þá sem ekki eru þeim sammála í einu og öllu. Mál er að linni.

Höfundur er forstöðumaður vistfræðideildar Náttúrufræðistofnunar Íslands. Hann er félagi í Náttúrufræðifélagi Íslands. Jafnframt er hann félagi í Skógræktarfélagi Íslands frá árinu 1984 og hefur lagt hönd á plóg við skógrækt á óðali feðranna undir Eyjafjöllum um 30 ára skeið.

Slóð: http://mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=1338409

Skoðað: 2010-06-26 00:49

© mbl.is/Árvakur hf